

**Minjaráð Austurlands**  
**fundur 14. nóvember 2023**  
**Fjarfundur á Teams**

**Mættir:** Þuríður Elísa Harðardóttir form., Andrés Skúlason, Skúli Björn Gunnarsson, Elsa Guðný Björgvinsdóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Kristjana Friðbjörnsdóttir, Rannveig Þórhallsdóttir.

**Dagskrá:**

1. Nýtt minjaráð
2. Nýr forstöðumaður Minjastofnunar Íslands
3. Sameining stofnana
4. Skýrsla nefndar um stöðu minjaverndar
5. Ársfundur Minjastofnunar Íslands
6. Önnur mál

*Þuríður setti fund kl. 10.00 og gengið var til dagskrár.*

**1. Nýtt minjaráð**

Þuríður sagði að langt hefði liðið frá síðasta fundi minjaráðs vegna þess að hún hefði litið svo á að umboð ráðsins væri útrunnið þar sem 4. ára skipunartími fulltrúa hefði verið liðinn. Ráðið er þó með umboð þar til nýtt verður skipað. Beðið væri eftir tilnefningum frá tilnefningaráðilum en þær ættu að liggja fyrir á næstu vikum.

**2. Nýr forstöðumaður Minjastofnunar Íslands**

Kristín Huld lét af störfum í apríl sem forstöðumaður Minjastofnunar og Rúnar Leifsson var skipaður í hennar stað tímabundið.

**3. Sameining stofnana**

Ráðherra hefur lagt fram tillögur um sameiningar stofnana sem undir hann heyra. Málið hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda og er í meðförum nefnda á Alþingi. Einnig var rætt um niðurskurð Fornminjasjóðar.

**4. Skýrsla nefndar um stöðu minjaverndar**

Ráðherraskipuð nefnd sem tók út stöðu minjaverndar skilaði af sér skýrslu á fundi í Hannesarholti 25. október 2023. Skýrslan listar upp svarta stöðu í málefnum menningarminja en henni fylgir engin aðgerðaáætlun. Til stendur að stofna sérstakan starfshóp til að gera aðgerðaráætlun. Ráðið ræddi um að boðaður niðurskurður til minjamála hjá ríkinu væri í mótsögn við þessa skýrslu sem sýndi fram á brýnar aðgerðir.

**5. Ársfundur Minjastofnunar**

Ársfundur Minjastofnunar verður þann 23. nóvember næstkomandi í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Stefnt er á að fundinum verði streymt fyrir landsbyggðarfólk. Tema fundarins verður yngri minjar og verða nokkur erindi flutt sem tengjast því málefni.

**6. Önnur mál**

**a. Síðasti fundur þessa ráðs**

Þuríður sagðist reikna með að þetta yrði síðasti fundur þessa ráðs og þakkaði öllum fulltrúum fyrir gott samstarf gegnum Covid-tíma.

**b. Nýtt Norðurslóðaverkefni hjá Gunnarsstofnun**

Skúli Björn kynnti stuttlega nýtt verkefni sem Gunnarsstofnun og Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista eru aðilar að og nýtur stuðnings Interreg NPA. Þetta verkefni er til 3ja ára og leitt af Jamtli-safninu í Svíþjóð. Verkefnið er óbeint framhald af CINE-verkefninu en með meiri áherslu á loftlagsbreytingar, stafrænar lausnir og lýðvirkjun og hvernig söfn geta verið lykilaðilar í að hafa áhrif á skilning og hegðun almennings. Fljótsdalurinn er undir sem „case study“ í verkefninu og eitt af því sem ætlunin er að þróa lengra er smáforritið Muninn til að auðvelda lýðvirkjun minjaskráningar og vöktunar.

**c. Ný sýning um búsetuminjar á Mýrum**

Eyrún sagði að það yrði opnuð ný sýning 29. nóv. um afrakstur minjaskráningar á Mýrum samsvarandi því sem gert var í Suðursveit.

**d. Fundur um stöðu húsasafns Þjóðminjasafnsins**

Elsa Guðný sagði frá fundi sem hún og Andrés sátu á dögnum um húsasafn Þjóðminjasafnsins. Á honum var verið að skoða stöðu og framtíð þessara húsa sem eru vítt og breitt um landið. Andrés sagðist telja að á fundinum hefði komið fram áhugi og vilji til að nýta húsin betur og aukinn skilningur á að verndun og nýting fari saman.

**e. Fornleifarannsóknin á Seyðisfirði**

Rannveig sagði aðeins frá uppgreftrinum á Seyðisfirði sem heldur hugsanlega áfram næsta sumar. Rannsóknin hefur leitt margt nýtt í ljós enda grafið í gegnum mörg lög af mannvistarminjum sem skriðuföll hafa raskað á nokkur hundruð ára fresti.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11.00  
Skúli Björn ritaði fundargerð.*